

# EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	12.6.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	SORPA Álfsnesi	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Álfsnes	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5105881189	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Gnýr Hjarðar	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ásbjörn Einarsson	<b>Staðsetning</b>	366624,722 412355,277

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Alls eru skráð tvö frávik og tvær athugasemdir gerðar. Frávik snúa að ófullnægjandi ráðstöfunum gegn lyktarmengun en tímasett áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun hefur ekki borist og þá eru baggastæður ekki birgðar í lok hverrar vinnuviku eins og skilyrt er í leyfinu. Í tölvupósti frá rekstraraðili þann 24. júní sl. kemur fram að baggastæður væru nú birgðar um helgar.

Athugasemd er gerð við skýrslugjöf SORPU til Umhverfisstofnunar og að ekki liggi fyrir samþykki slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á viðbragðsáætlun við eldi í urðunarreinum.

Umgengni á urðunarstað er góð og skipulag með ágætum. Ekki var að sjá ummerki um fok utan urðunarstaðarins.

## UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var skv. boðaðri dagskrá eftirfarandi:

1. Fara yfir skiladaga skv. starfsleyfi
2. Starfshættir, greinar 2.1, 2.3, 2.4
3. Varnir gegn foki og lyktarmengun – greinar 3.1., 3.2 og 4.3
4. Síðasta eftirlitsskýrsla - yfirferð yfir borholur, sýnatökur og viðmið um móttöku á menguðum jarðvegi.
5. Skoðun á urðunarsvæði

Byrjað var á fundi þar sem rætt var um ofangreinda punkta. SORPA hefur sett sér umhverfismarkmið og er með umhverfissvottun 14001. Viðbragðsáætlun við eldi í urðunarreinum liggur fyrir en hún hefur ekki verið send Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins til samþykktar. Tímasett áætlun um frekari ráðstafanir vegna lyktarmengunar hefur ekki borist Umhverfisstofnun. Rekstraraðili vísaði til eigendasamkomulags þar sem fram koma áætlanir SORPU til framtíðar. Þá hefur greinargerð um stöðu botns m.v. grunnvatnshæð sbr. grein 3.3. ekki borist.

Upplýsingar um magn úrgangs, útstreymisbókhald og grænt bókhald hefur borist Umhverfisstofnun. Ársskýrsla hafði nýlega verið samþykkt innan fyrirtækisins og mun verða send Umhverfisstofnun. Niðurstöður skráninga sbr. grein 5.1 í starfsleyfi eru að hluta til að finna í ofangreindum upplýsingum. Þær skráningar sem skýrsla hefur ekki borist um, varða liði 4, 5, 6 og 9-12 í starfsleyfi.

Rætt var um starfshætti SORPU. Rekstur hefur gengið vel. Vindasamur vetur olli talsverðu foki frá urðunarstaðnum en SORPA hefur fengið vinnuhópa til að hreinsa upp fok í nágrenni urðunarstaðarins og við eftirlit var ekki að sjá ummerki um fok utan staðarins. Hefðbundnar varnir gegn foki eru til staðar. Aðgangur er heftur að urðunarstaðnum og ekki hefur verið vart við ólöglega losun. Girðingar eru í kringum urðunarstaðinn og myndavélar notaðar til vöktunar. Hreinsistöð fyrir hauggas er sérstaklega afgirt og vöktuð vegna sprengihættu. Almenn séð er umgengni á urðunarstaðnum góð og skipulag gott. SORPA vinnur eftir vottuðu umhverfisstjórnunakerfi, ISO 14001.

Rætt var um varnir gegn lyktarmengun. Eins og áður hefur komið fram hefur tímasett áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun ekki borist Umhverfisstofnun. Rekstraraðili vísar til eigendasamkomulags en nánari upplýsingar þurfa að koma fram svo fullnægjandi áætlun sé. Tekið er á móti lyktsterkum úrgangi í Gými og eru urðunarreinir yfirbyggðar. Búið er að setja upp þvottaturna og kaupa blásara fyrir lyktareyðingu frá urðunarreitnum og móttökuaðstöðu fyrir lyktsterkan úrgang. Búnaðurinn er þó ekki orðin að fullu virkur.

### Frávik frá

grein 3.2 í starfsleyfi um varnir gegn lyktarmengun

### Lýsing á frávikum

Tímasett áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun hefur ekki borist Umhverfisstofnun. Þá er lyktareyðing, frá urðunarreit

fyrir lyktsterkan úrgang, með vothreinsun í þvottaturni ekki hafin.  
Í tölvupósti frá rekstraraðila þann 24. júní sl. kom fram að hreinsivirki í þvottaturni væri komið í fulla virkni.

grein 4.3 í starfsleyfi um daglegan frágang urðunarreina

Baggastæður eru ekki birgðar um helgar eins og kveðið er á um í grein 4.3 en þar segir að á tímabilinu 1. maí - 30. september ár hvert skuli birgja baggastæðu a.m.k. í lok hverrar vinnuviku.  
Í tölvupósti frá rekstraraðili þann 24. júní sl. kom fram að baggastæður væru nú birgðar í lok hverrar vinnuviku.

#### **ATHUGASEMDIR**

Gerð er athugasemd við skýrslugjöf skv. grein 5.1 en hún er ekki fullnægjandi þar sem einungis er gert grein fyrir hluta af þeim atriðum sem tilgreind eru í greininni, í þeim skýrslum sem Umhverfisstofnun hefur fengið sendar frá SORPU.


Þá er gerð athugasemd við að viðbragðsáætlun við eldi í urðunarreinum, sem liggur fyrir, hefur ekki verið samþykkt af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Í starfsleyfi kemur fram að áætlunin skuli liggja fyrir og vera samþykkt fyrir 1. desember 2014

#### **ANNAÐ**

Í síðasta eftirliti var fjallað um sýnatökur og borholur við urðunarstaðinn til að mæla stöðu grunnvatns og mengunarefni í grunnvatni. Holur ÁN-5 og ÁN-2 eru ónothæfar vegna gróðurmyndunar en talið er að fóðringar séu farnar að gefa sig. Ný hola ÁN-12 verður boruð og notuð í staðinn. Þá verða 3 nýjar holur til viðbótar gerðar til að mæla stöðu grunnvatns. Efnamælingar fara næst fram á árinu 2016. Þá skal mæla samsetningu grunnvatns í mælirbrunnum ÁN-4, ÁN-9, ÁN-10, ÁN-12 og í nýrri holu ÁN-13. Stöðu grunnvatns skal mæla í ÁN-4, ÁN-9, ÁN-10, og ÁN-12 auk nýrra brunna, ÁN-13, ÁN-14 og ÁN-15.

SORPA hefur sent Umhverfisstofnun tillögu að móttökuskilyrðum fyrir olíumengaðan jarðveg. Tillagan lýtur að því að stærri farmar >5000 kg séu efnagreindir m.t.t. olíuefna og PAH og ef niðurstöður reynast undir spilliefnamörkum í reglugerðum sé heimilt að nota jarðveginn í undirlag undir þekjuefni haugsins. Heimilt verði að gera einfaldari mælingar á smærri förmum t.d. "oil test kit" sem gefur til kynna magn olíu í jarðveginum. Ef mæling sé undir 10.000 mg/kg megi jarðvegurinn fara beint í undirlag en sömu mælingar verði gerðar gefi mælingin til kynna að um meira olíumagn sé að ræða.

Reykjavík, 13.08.2015



Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.